

Páll og Díska eiga heima í Reykjavík, höfuðborg Íslands. Þar búa þau í íbúð í blokk. Íbúðin er stór og góð. Hún er þrjú herbergi: stofa og tvö svefnherbergi. Þar er líka eldhús og bað. Í kjallaranum er geymsla.

Á morgnana safnast öll fjölskyldan saman í eldhúsinu til að borða morgunmat, hlusta á útvarpið og tala saman. Pabbi vaknar venjulega fyrstur og vekur þá mömmu og krakkana. Hann hitar kaffivatnið, leggur á borð, ristar brauðið og spælir egginn.

Á meðan fjölskyldan situr við morgunverðarborðið spjalla þau saman:

Pabbi: Jæja, krakkar. Hvað eigið þið að læra í skólanum í dag?

Ása: Ég á að æfa mig í að lesa og reikna.

Jón: Við Siggi eigum að fara í handmennt og leikfimi, en það er líka lestur og reikningur hjá okkur.

Pabbi: Finnst ykkur gaman í skólanum?

Siggi: Nei, það er hundleiðinlegt.

Jón: Já, það er nú svolítið skemmtilegt stundum, sérstaklega í tónmennt.

Mamma: Nú verðið þið víst að fara að flýta ykkur í skólann.

Pabbi: Já, alveg rétt. Klukkan er að verða átta. Fariði nú varlega í umferðinni. Passið ykkur nú á bílunum.

Sagnir

safna - (safna) - safnaði - safnað

borða - (borða) - borðaði - borðað

hlusta - (hlusta) - hlustaði - hlustað

vakna - (vakna) - vaknaði - vaknað

vekja - (vek) - vakti - vakið

hita - (hita) - hitaði - hitað

leggja - (legg) - lagði - lagt

rista - (rista) - ristaði - ristað

spæla - (spæli) - spældi - spælt

sitja - (sit) - sat - sátum - setið

spjalla - (spjalla) - spjallaði - spjallað

læra - (læri) - lærði - lært

æfa - (æfi) - æfði - æft

lesa - (les) - las - lásam - lesið

reikna - (reikna) - reiknaði - reiknað

finna - (finn) - fann - fundum - fundið

flýta - (flýti) - flýtti - flýtt

passa - (passa) - passaði - passað

Skýringar

heimili, -s, - : domov, domácnost

eiga heima : bydlet

höfuðborg, -ar, -ir : hlavní město

íbúð, -ar, -ir : byt

blokk, -ar, -ir : bytovka, panelák

stór : velký

herbergi, -s, - : pokoj

stofa, -u, -ur : obývací pokoj

svefnherbergi, -s, - : ložnice

eldhús, -s, - : kuchyň

bað, -s, böð : koupelna

kjallari, -a, -ar : sklep

geymsla, -u, -ur : komora
safnast (saman) : sejít se, shromáždit se
borða : jíst
morgunmatur, -ar : snídaně
hlusta á : poslouchat
útvarp, -s : rádio
vakna : probudit se
venjulega : obvykle
vekja : vzbudit
krakki, -a, -ar : děcko, dítě (mírně hovorové)
hita : ohřát
kaffivatn, -s : voda na kávu
leggja á borð : prostřít stůl
rista : opéct
brauð, -s, - : chléb
spæla : osmažit
egg, s, - : vajíčko
á meðan : zatímco, mezitím
sitja : sedět
morgunverður, -ar : snídaně
spjalla (saman) : povídat si
æfa : procvičovat
lesa : číst
reikna : počítat
handmennt, -ar : pracovní činnosti (předmět ve škole)
leikfimi, - : tělocvik
lestur, -rar, -rar : čtení
reikningur, -s : počty
finna : e-m (dat) finnst e-ð (acc) gaman : někoho něco baví
hundleiðinlegur : příšerně nudný (leiðinlegur : nudný)
svolítið : trochu
skemmtilegur : zábavný, zajímavý
stundum : někdy
sérstaklega : obzvlášť, hlavně
tónmennt, -ar : hudební výchova
flýta sér : spěchat, pospíchat
varlega : opatrně
umferð, -ar, -ir : provoz
passa sig : dávat pozor